

## Fundur trúnaðarráðs Leiðsagnar 31.01.2024.

Mættir: Stjórn Leiðsagnar: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) formaður, Halldór Kolbeins (HK) varaformaður, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) gjaldkeri, Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ) ritari, Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ) meðstjórnandi, Jóhanna Magnúsdóttir (JM) varamaður. HÞ og JM eru á fjarfundi.

Aðrir í trúnaðarráði: Kári Jónasson (KJ), Sigrún Pálsdóttir (SP), Jens Ruminy (JR), Valva Árnadóttir (VÁ), Hildur Bjarnadóttir (HB), Áslaug Marinósdóttir (ÁM) og Bára Kristín Pétursdóttir (BKP). VÁ, HB og BKP á fjarfundi.

Fundur settur kl. 20:03.

Dagskrá:

1. Viðræðunefnd - verkefnastýring
2. Boðun aðalfundar - kjörstjórn
3. Önnur mál

### *1. Viðræðunefnd - verkefnastýring*

SSS leggur til að viðræðunefnd hittist annað kvöld (1.feb.) og leggist yfir kröfugerð/samningagerð. HB spyr hvers vegna ekki var farið eftir dagsetningum varðandi fundi viðræðunefndar. (Raddir heyrast um sameiningu við VR, ógreinilegt hver talar). HK svarar því og skýrir út að bandalag við VR hefði byggt á því að skýr mynd yrði að vera komin á kröfugerð Leiðsagnar, sem ekki var.

KJ er með smá athugasemd við hugsanlega sameiningu við VR eða annað stærra félag og segir styrk Leiðsagnar felast í smæð félagsins. BKP mótmælir þessu og segir að miklu meiri styrkur felist í stærra félagi. SP tekur undir það. HÞ áréttar að bandalag við VR hafi byggt á því að Leiðsögn væri tilbúin með sína kröfugerð. JR minnir á hver verkefni félagsins séu, hann taki ekki afstöðu með eða móti einum eða neinum.

Einhver spyr hvers vegna kröfugerðin sé ekki send til félagsmanna. HK segir að það sé aldrei gert – fyrr en að samningum loknum. En kröfugerð Leiðsagnar er til og er að miklu leyti komin en vakatavinnukaflann þarf að laga ásamt aukavinnu og fleiru því tengdu. HK sat fundinn með framkvæmdastjóra og formanni VR og sá fundur snerist ekki um sameiningu félaga, segir hann. Það væri annað mál. HK segir að ASÍ hafi bent á að sú vinna sem Leiðsögn þarf að fara í í kröfugerðinni, hefði ekki rúmast inn í kröfugerð bandalagsins. Við fáum bara það sem er sett inn í samningana – við stóru félögin. Það er hins vegar spurning með aðra þætti, sem falla ekki undir beina launahækkun en eru kjarabót engu að síður, s.s. einhverskonar staðaruppbót eða uppbót vegna fjarveru frá heimili þegar um hótelferðir er að ræða.

GME tekur undir með BKP – og setur fram bókun:

### *BÓKUN: MÖGULEIKI UM AÐILD LEIÐSAGNAR AÐ ÖÐRU STÉTTARFÉLAGI?*

*Undirrituð GME leggur fram eftirfarandi bókun. Að stofnaður verði breiður starfshópur félagsmanna, bæði þeirra er gegna trúnaðarstörfum fyrir Leiðsögn og þeirra er ekki gegna trúnaðarstörfum. Mun starfshópur þessi setja af stað þá vinnu sem er nauðsynleg áður en kannaður verði sá möguleiki að Leiðsögn sameinist öðru stærra stéttarfélagi, hvort heldur VR, Visku / BHM eða öðru stéttarfélagi sem myndi henta félagsmönnum Leiðsagnar. Þessi*

starfshópur myndi m.a. útbúa skoðanakönnun til handa félagsmönnum Leiðsagnar með spurningum um væntanlega aðild að öðru stéttarfélagi, og þá hvaða stéttarfélagi, kostir og gallar, og svo frv.. Í framhaldinu yrði síðan haldinn félagsfundur þar sem fjallað yrði ítarlega um málið. Formönnum þeirra stéttarfélaga sem kæmu til greina yrði boðið á félagsfund þar sem þeir myndu kynna sín félög og svo frv.. Þessi starfshópur mun kanna og fara í gegnum alla þá vinnu sem þarf áður en Leiðsögn myndi væntanlega stíga skrefið alla leið með aðild sinni að öðru stéttarfélagi. Það eru félagsmenn Leiðsagnar sem veita umboð sitt til væntanlegrar aðildar Leiðsagnar að öðru stéttarfélagi.

Guðný Margrét Emilsdóttir

#### **BÓKUN: STOFNUN FAGDEILDAR LEIÐSAGNAR**

Undirrituð GME telur að félagsmönnum sé best borgið með stofnun Fagdeildar Leiðsagnar og ganga til kosningar á stjórn Fagdeildar á sérstökum félagsfundi þar sem m.a. menntamál félagsmanna og skólanna eru til umræðu.

Guðný Margrét Emilsdóttir

SAÁ bendir á að það þurfi að gera könnun meðal félagsmanna um hugsanlega sameiningu og aðeins þá sé hægt að taka hana til umræðu. JM tekur undir með SAÁ og segir að þetta sé ekki tímabært. JR, segir að e.t.v., þurfi að halda félagsfund um málið. SSS tekur undir með JR um að halda félagsfund. Vill taka upp þráðinn með viðræðunefnd það verði fundur annað kvöld og segir brýnt að nefndin fái að velja sér verkstjóra úr eigin röðum of hefji undirbúning að viðræðum við SAF og SA. Það er samþykkt einróma.

#### **2. Boðun aðalfundar - kjörstjórn**

Stjórnarfundur - sem haldinn var rétt á undan þessum fundi – samþykkti að boða til aðalfundar 4.4.2024 – fimmtudagskvöld. Trúnaðarráð verður að skipa þriggja manna uppstillingarnefnd með félögum sem ekki gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Ákveðið að næsti trúnaðarráðsfundur verði haldinn 12. febrúar n.k. BKP leggur til að haldinn verði félagsfundur fyrir aðalfund. JR bendir á mikilvægi þess að félagar séu upplýstir. HÞ skýrir út að hvers vegna viðræðunefnd sendi ekki út spurningar til félagsmanna - líkt og venja er- ástæðan var sú að fráfarandi formaður verkstýrði ekki þeirri vinnu eins og þurfti. SAÁ bendir á að ný stjórn hafi haldið sinn fyrsta fund núna síðdegis og biður um að henni sé gefinn tími. KJ: er ekki best a stjórn sendi út fyrirspurnir um tillögur í samningagerð? HK tekur undir það.

#### **3. Önnur mál.**

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fundi slitið kl. 21:08.